


Kötturinn hans Schrödingers og íslenska hagkerfið

Útan frá líkist hagkerfi Íslands frægri tilraun og þversögn um köttinn hans Schrödinger. Tilraun þessi var reyndar einungis til í hugskoti eðlisfræðingsins sem var bæði mann- og dýravinur. Þversögnin fjallar um innsiglaðan kassa sem í er köttur, örlítið af geislavirku efni, Geiger teljari sem tengdur er hamri og gleríláti fylltu eitri.

Annað hvort nemur Geiger teljarinn geislun og losar hamarinn sem brýtur glerílátið og kötturinn deyr ... eða ekki. Með því að skoða kassann með aðferð skammtafræðinnar er unnt að komast að þeirri niðurstöðu að kötturinn sé bæði lífs og liðinn. Engin leið er að komast að því í hvoru ástandinu kötturinn er fyrr en innsiglið verður rofið.



Á þessu ári hefur hagvöxtur á Íslandi verið með mesta móti (þrátt fyrir grunsamlegar birgðabreytingar). Hlutabréfamarkaðurinn hefur verið í mikilli sókn og engin leið að mæta spurn með nýrri verðbréfaútgáfu. Rætt er um meiriháttar fjárfestingar í verslunarhúsnæði og stefnir í mikinn vöxt fasteignaverðs. Methagnaður er af lánastofnunum um leið og eldri lán eru endurmetin og lánabækur eru byrjaðar að vaxa. Vöruskiptajöfnuðurinn er mikill og traustur.

Líkt og um köttinn hans Schrödinger – hefur enginn hugmynd um hvort hagkerfið er lifandi eða dáíð. Það er innsiglað í bak og fyrir af gjaldeyrishöftum sem verið hafa við lýði frá 2008. Við höfum litla trú á að þeim verði aflétt fyrr en 2018. Hver staða hagkerfisins verður við afléttingu haftanna er jafnforvitnilegt og ástand kattarófétisins hans Schrödinger þegar innsigli kassans verður rofið.

Höfundar eru Jón Sch. Thorsteinsson og Björn Jóhannesson og starfa hjá Arev verðbréfafyrirtæki hf.